



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Spænska – 4. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og dýpka nemendur enn frekar þekkingu sína í spænsku í gegnum sögur og lög sem tengjast hverju þema. Í 4. bekk eru tekin fyrir eftirfarandi þemu: Algengar kveðjur og tilfinningar (upprifjun), vikudagar, mánuðir og árstíðir, hrekkjavakan og dagur hinna dánu í Mexíkó, algengar sagnir (nafnháttur), jól og áramót í spænskumælandi löndum, andlit og líkami, klæðnaður, hús og herbergi. Fræðsla um spænskumælandi lönd fléttast inn í kennsluna og jafnframt fá nemendur fræðslu í kringum Evrópska tungumáladaginn, þakkargjörðarhátíðina (þakklæti) og Valentínusardaginn (vinátta). Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

Matsviðmið

Frásögn

Nemandi getur talað um tilfinningar sínar og líðan.

Nemandi getur lýst veðrinu.

Nemandi getur tekið þátt í samtalsæfingum í þorum eða litlum hópum.

Lesskilningur

Nemandi getur skilið einfaldar setningar út frá námsefni.

Nemandi getur skilið innihald einfaldra texta út frá orðaforða sem hann hefur lært.

Nemandi getur tengt orðaforða og setningar við myndir.

Nemandi getur notað spjaldtölvur sem hjálpargögn.

Meningarlæsi

Nemandi getur talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað.

Nemandi getur sungið einföld lög á tungumálinu.

Nemandi þekkir muninn á Día de los muertos og Halloween.

Nemandi hefur þekkingu á hefðum í kringum jól og áramót í spænskumælandi löndum.

Námshæfni

Nemandi þekkir heiti á dögnum.

Nemandi þekkir heiti á árstíðum.

Nemandi þekkir heiti á algengum fatnaði

Nemandi þekkir heiti yfir andlit og líkama.

Unnið verkefni sem einstaklingur, í þorum og hópum.

Ritun

Nemandi getur skrifað einfaldar setningar á tungumálinu.

Nemandi getur skrifað stuttan texta með einföldum orðum.

Nemandi getur skrifað einföld ljóð á tungumálinu.

Samskipti

Nemandi getur heilsað, kvatt og boðið góðan dag.

Nemandi getur spurt og svarað um líðan.

Nemandi getur spurt og svarað til um aldur.

Nemandi getur spurt og svarað til um nafn.

Virgni og samskipti

Nemandi tekur virkan þátt í tímum og fer eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Nemandi sýnir skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Símat fer fram yfir veturinn í gegnum Mentor. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og verkefni sem nemendur hafa unnið.

Undir lok vetrar fer fram óundirbúin könnun til að meta almenna þekkingu nemenda í spænsku út frá námsefninu.

Yfirfarið af tungumálateymi í október 2024.